

Miðvikudagurinn 25. nóvember 1998 kl. 10:00

117. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 42/1998

**Erindi Samtaka iðnaðarins er varðar meint  
undirboð við innflutning á súkkulaði**

**I.**

**Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi, þann 12. ágúst sl., frá Samtökum iðnaðarins fyrir hönd Nóa-Síríus hf. Í erindinu kemur fram að samtökin séu þeirrar skoðunar að AB Marabou og/eða Rydenskaffi hf. beiti óréttmætum viðskiptaháttum til þess að ryðja sér til rúms á íslenskum markaði. Slíkt fari í bága við markmið samkeppnislaga, sbr. 1. gr. þeirra, og sé í andstöðu við góða viðskiptahætti, sbr. 20 gr. Að mati Samtaka iðnaðarins hafi verið beitt aðferðum sem feli í sér verulega undirverðlagningu sem muni að lokum ryðja Nóa-Síríusi af viðkomandi vörumarkaði. Við þetta fækki valkostum neytenda og keppinautar AB Marabou og Rydenskaffis hf. útilokist frá markaði. Er þess óskað að samkeppnisráð grípi til viðeigandi ráðstafana á grundvelli fyrrgreinda lagaákvæða og ákvæða í 17. gr. samkeppnislaga.

Í erindinu kemur fram að forsaga málsins sé sú að í júní sl. hafi Samtök iðnaðarins kært til fjármálaráðuneytisins innflutning á súkkulaði vegna sterks og rökstudds gruns um undirboð hins erlenda framleiðanda, AB Marabou í Svíþjóð og/eða heildsalans Rydenskaffis. Samráðsnefnd um undirboðs- og jöfnunartolla vísaði kærinni frá í ágúst sl. með vísan til þess að ákvæði EES-samningsins komi í veg fyrir að heimilt sé að beita álagningu undirboðstolla við innflutning á umræddu súkkulaði frá Svíþjóð.

Í kæru samtakanna til fjármálaráðuneytisins kemur fram að um og upp úr miðju síðasta ári hafi tekið að bera á því að Marabou súkkulaði væri selt hérlendis á áður óþekktu verði sem hafi verið miklu lægra en tíðkaðist á hérlendum markaði.

Samtök iðnaðarins gerðu athugun á verði Marabou súkkulaðis í verslunum í Gautaborg í Svíþjóð og í Reykjavík. Í þeirri athugun hafi komið í ljós að verð í Reykjavík hafi verið umtalsvert lægra en í Gautaborg, þrátt fyrir að opinber gjöld, tollar, vörugjöld og virðisaukaskattur hafi verið miklu hærri hérlendis. Að mati Samtaka iðnaðarins gefi þessar upplýsingar sterkar vísbendingar um að verksmiðjuverð til útflutnings hingað til lands hafi verið mun lægra en það verð sem hafi tíðkast í viðskiptum í Svíþjóð og/eða íslenski innflytjandinn og smásalar hafi selt súkkulaði án álagningar eða hafi greitt hreinlega með því.

Í minnisblaði með kærinni kemur fram að í lok ársins 1997 hafi farið að bera á miklu magni rjómasúkkulaðis frá Marabou í stórmörkuðum á mjög lágu verði. Útsöluverð á 200 gr. stykkjum í verslunum hafi verið á haustmánuðum og fram að jólum 139 kr. og 100 gr. á 75–79 kr. stykkið. Nákvæmlega sama súkkulaði, 100 gr. í sænskri verslun kostaði 132 kr. hvert stykki.

Einnig kemur fram í minnisblaðinu að stærsti íslenski súkkulaðiframleiðandinn (Nói-Síríus) hafi svarað þessu tilboði með því að lækka verð á 100 gr. stykkjum þannig að þau kostuðu á bilinu 90–100 kr. út úr búð og 200 gr. stykkinn hafi kostað á bilinu 145–169 kr. Að mati Samtaka iðnaðarins létu viðbrögð Marabou ekki á sér standa og lækkaði 100 gr. stykkið í 49 kr. í ýmsum verslunum og 200 gr. stykkið í tæpar 100 kr.

Máli sínu til stuðnings vísa Samtök iðnaðarins til kvittana sem sýna verð á Marabousúkkulaði í verslunum í Stokkhólmi og Reykjavík og verð á súkkulaði frá Nóa-Síríusi í verslunum í Reykjavík.

Þá segir í erindinu að innflutningstölur, fyrir tollskrárnúmerið sem Marabou súkkulaði fellur undir, hafi aukist verulega frá haustinu 1997 og fram til áramóta sama árs. Er leitt að því líkum að stóran hlut í máli eigi innflutningur á Marabou súkkulaði.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Kvörtun Samtaka iðnaðarins var send Rydenskaffi til umsagnar. Svar barst frá Jóni Magnússyni hrl. fyrir hönd Rydenskaffis með bréfi, dags. 27. ágúst sl. Þar kemur fram að Rydenskaffi hafi byrjað að flytja inn vörur frá AB Marabou

Þ.m.t. súkkulaði á árinu 1997. Umbúðir utan um allt súkkulaði frá AB Marabou hafi verið dagstimplaðar og fram komi á umbúðunum að best sé að neyta súkkulaðisins fyrir ákveðinn tíma.

Að sögn lögmannsins þá hafi súkkulaði frá Marabou sem hafi verið komið nálægt tímamörkunum samkvæmt merkingunni „best fyrir“ gjarnan verið selt á niðursettu verði. Það hafi verið gert til að örva söluna, þannig að Rydenskaffi liggi ekki með birgðir sem verði að henda þegar varan er komin fram yfir síðasta söludag. Jafnframt bendir lögmaðurinn á að það sama hafi ekki átt við um vörur framleiddar hjá Nóa-Síríusi, þ.e. Nói-Síríus hafi ekki dagstimplað umbúðir sínar með síðasta söludegi, þ.e. „best fyrir“.

Fram kemur hjá lögmanninum að Rydenskaffi hafi selt vörur frá AB Marabou með lágrí álagningu í lok síðasta árs til að ná aukinni markaðshlutdeild. Fyrirtækið hafið viljað auka sína markaðshlutdeild með lægra vöruverði í stað þess að verja miklum fjármunum til auglýsinga. Jafnframt hafi nokkrum stórmörkuðum verið boðið súkkulaði á niðursettu verði en súkkulaðið hafi verið að nálgast síðasta söludag.

Lögmaðurinn bendir á að um eðlileg viðskipti sé að ræða á milli AB Marabou og Rydenskaffis varðandi innkaupsverð á súkkulaði. Því til staðfestingar er lagt fram símbref, dags. 26. ágúst sl., þar sem Marabou fyrirtækið staðfestir að Rydenskaffi kaupi framleiðsluvörur þess á venjulegu útflutningsverði.

Að mati lögmannsins hefur markaðshlutdeild Rydenskaffis á súkkulaði-markaðnum verið óveruleg eða töluvert innan við 5% af heildarsölu á súkkulaði og því hafi Rydenskaffi ekki verið markaðsráðandi á þessum markaði.

Lögmaðurinn telur að erindi Samtaka iðnaðarins heyri ekki undir íslensk samkeppnisyfirköld og því beri Samkeppnisstofnun að vísa málinu frá. Vísar lögmaðurinn til þess að erindið eigi væntanlega undir eftirlitsstofnun EFTA sbr. IV kafla sammingsins um Evrópska Efnahagssvæðið nr. 31/1993 sbr. 53. gr. og 3. mgr. 56 gr. ef AB Marabou selji Rydenskaffi súkkulaði ódýrara en öðrum, t.d. ódýrara en endurseljendum í Svíþjóð.

Lögmaðurinn telur að kæran varði ekki 17. gr. samkeppnislaga, sbr. tilmæli Samtaka iðnaðarins. Vísar hann í fyrsta lagi til þess að Rydenskaffi hafi ekki

verið með markaðsráðandi stöðu á súkkulaðimarkaðnum. Markaðshlutdeild Rydenskaffis hafi verið um 2–5%. Að mati lögmannsins hefur Nóa-Síríus hins vegar markaðsráðandi stöðu þar sem það fyrirtæki hafi haft um 35-40% markaðshlutdeild. Í öðru lagi telur lögmaðurinn að Rydenskaffi hafi stuðlað að aukinni samkeppni, fleiri valkostum viðskiptavina og hagstæðara verði með háttsemi sinni. Í þriðja lagi bendir lögmaðurinn á að Rydenskaffi hafi ekki boðið upp á kaupbæti.

Að lokum telur lögmaðurinn að Rydenskaffi hafi með háttsemi sinni stuðlað að góðum viðskiptaháttum í atvinnustarfsemi og því ekki brotið gegn ákvæði 20 gr. samkeppnislaga. Verð til neytenda hafi lækkað og samkeppni hafi aukist. Vísar lögmaðurinn til þess að í ákveðinni verslun í Reykjavík hafi 100 gr. súkkulaði frá Nóa-Síríusi kostað 82 kr. og skipti þá ekki máli hvort þar hafi verið um að ræða hreint súkkulaði, súkkulaði með hnetum eða súkkulaði með hrís. Hreint súkkulaði frá Marabou hafi verið boðið í sömu verslun á sama tíma á 85 kr. en 94 kr. ef það hafi verið með hnetum eða hrís. Fyrir ári síðan hafi súkkulaði frá Nóa-Síríusi verið mun dýrara.

## 2.

Athugasemdir lögmanns Rydenskaffis voru sendar Samtökum iðnaðarins til umsagnar og barst svar með bréfi, dags. 15. september sl. Þar kemur fram að haldi Rydenskaffi, í samvinnu við AB Marabou, áfram að selja súkkulaði langt undir eðlilegu verði muni fyrirtækið ná vænlegri stöðu á íslenskum markaði. Það sé andstætt ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga.

Samtök iðnaðarins ítreka að erindi þeirra falli undir íslensk samkeppnislög og vísa m.a. til 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. samkeppnislaga.

## 3.

Athugasemdir Samtaka iðnaðarins voru sendar lögmanni Rydenskaffis til umsagnar og bárust svör með bréfi, dags. 30. september sl. Þar bendir lögmaðurinn á að í nágrannalöndum sé algengt að verslanir lækki verð á þeim vörum sem nálgist síðasta sölundag eða þann dag sem þær eru sagðar bestar fyrir. Hefur lækkunin oft verið veruleg.

Lögmaðurinn ítrekar að engar sannanir hafi verið settar fram hjá Samtökum iðnaðarins um að Marabou súkkulaði hafi verið selt í samvinnu við markaðsráðandi verslanir langt undir eðlilegu verði. Lögmaðurinn bendir á að

Rydenskaffi haldi því fram að fyrirtækið selji súkkulaði frá Marabou á eðlilegu verði.

#### 4.

Starfsmaður Samkeppnisstofnunar framkvæmdi athugun á gögnum á starfsstað Rydenskaffis og skoðaði þar m.a. reikninga frá AB Marabou, frá þeim tíma að Rydenskaffi fór að flytja inn súkkulaði frá AB Marabou fram til dagsins í dag. Skoðað var á hvaða verði Rydenskaffi var að kaupa 100 og 200 gr. Marabou súkkulaði. Jafnframt voru skoðaðar reikningsnótur þar sem fram kom útsöluverð frá Rydenskaffi á sambærilegu súkkulaði fyrir sama tímabil.

### III.

#### Lagaumhverfi

##### 1.

Markmið samkeppnislaga nr. 8/1993, samanber 1. gr. laganna, er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Markmiðinu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Í 17. gr. samkeppnislaga, sem fjallar um eftirlit með samkeppnishömlum, segir: „*Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:*

- a. *að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,*
- b. *óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum,*
- c. *óhæfilegri notkun á kaupbæti,*

*Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð gripi til ákvörðunar um verð og*

*viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.“*

Í 20. gr. samkeppnislaga, sem fjallar um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, segir: „Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

#### **IV. Niðurstöður**

##### **1.**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 25. nóvember 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Tryggvi Axelsson, Karitas Pálsdóttir, Skarphéðinn Þórisson og Ólafur Björnsson.

##### **2.**

Í máli þessu kvarta Samtök iðnaðarins fyrir hönd Nóa-Síríus undan því að AB Marabou og/eða Rydenskaffi hf. stundi undirboð á súkkulaðimarkaðnum. Vísa samtökin m.a. til þess að Marabou súkkulaði hafi verið selt á lægra verði hér á landi en í Gautaborg í Svíþjóð þrátt fyrir að vörugjöld og virðisaukaskattur hafi verið miklu hærri hérlendis. Undirverðlagningin muni að lokum leiða til þess að Nóa-Síríusi verði rutt af viðkomandi vörumarkaði. Er þess óskað að gripið verði til ráðstafana á grundvelli 17. og 20. gr. samkeppnislaga.

##### **3.**

Rydenskaffi bendir á að fyrirtækið hafi fengið umboð fyrir vörur frá AB Marabou á árinu 1997. Fyrirtækið hafi selt vörur frá þessu fyrirtæki með lágrí álagningu til að ná aukinni markaðshlutdeild. Rydenskaffi hafi viljað auka markaðshlutdeild vörunnar með lægra vöruverði í stað þess að verja miklum fjármunum til auglýsinga.

Jafnframt bendir Rydenskaffi á að umbúðir utan um allt súkkulaði frá AB Marabou séu dagstimplaðar, þ.e. á umbúðunum komi fram að best sé að neyta súkkulaðisins fyrir ákveðinn tíma. Til að þurfa ekki að fleygja vörum, sem eru

komnar fram yfir þann tíma sem best sé að neyta þeirra, hafi Rydenskaffi selt þær vörur sem hafa verið að nálgast tímamörkin á niðursettu verði.

#### 4.

Þegar innflutnings- og vöruframleiðsluskýrslur, fyrir árið 1997, eru skoðaðar fyrir fyllt og ófyllt súkkulaði í blokkum, plötum eða stöngum er ljóst að Rydenskaffi hefur ekki verið markaðsráðandi í sölu á súkkulaði hér á landi. Hlutdeild fyrirtækisins á því ári reyndist vera minni en 5%. Hlutdeild umbjóðanda kvartanda í máli þessu, Nóa-Síríus, var hins vegar 30–40%.

Þegar af þeirri ástæðu, að markaðshlutdeild Rydenskaffis var ekki meiri en raun ber vitni á árinu 1997, er ekki efni til að beita íhlutun á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga gagnvart markaðslegri hegðun fyrirtækisins. Sú lagagrein tekur einungis til hegðunar og aðstæðna sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hegðun fyrirtækis sem hefur jafn litla markaðshlutdeild og Rydenskaffi hefur á súkkulaðimarkaðnum getur ekki, ein og sér, haft skaðleg áhrif á samkeppni á þeim markaði sem um er að tefla, þegar keppinautur eins og Nói-Síríus hefur þá hlutdeild á markaðnum sem raun ber vitni. Staða síðarnefnda fyrirtækisins á markaðnum er með þeim hætti að fyrirtækið ætti að geta svarað samkeppnishegðun þess fyrrnefnda ef vilji væri fyrir hendi.

Samkeppnisstofnun hefur aflað upplýsinga um hvað mikið er flutt inn af súkkulaði til landsins og hve mikið er framleitt hér á landi. Þegar Rydenskaffi tók við Marabou umboðinu var markaðshlutdeild Marabou súkkulaðis óveruleg hér á landi. Með því að lækka álaginu á vörum frá Marabou hefur Rydenskaffi tekist að ná nokkurri fótfestu á súkkulaðimarkaðnum og auka samkeppni á honum. Athugun Samkeppnisstofnunar hefur leitt í ljós að vörurnar sem um ræðir eru ekki niðurgreiddar af Rydenskaffi. Ennfremur liggur fyrir yfirlýsing frá hinum erlenda framleiðanda súkkulaðisins um að verð það sem Rydenskaffi greiði fyrir það sé almennt útflutningsverð þess í Svíþjóð. Loks hefur verið upplýst að súkkulaði frá AB Marabou sem Rydenskaffi selur í heildsölu sé selt endurseljendum á lækkuðu verði frá hinu venjulega verði þegar stutt er í síðasta söludag samkvæmt meðmælum sem prentuð eru á umbúðir súkkulaðisins.

Ekki hefur verið sýnt fram á að neitt það sem Rydenskaffi hefur aðhafst og kvartað er yfir eða innkaupsverðlagning á Marabou súkkulaði fari gegn einstökum ákvæðum eða markmiði samkeppnislaga. Þvert á móti má halda því fram að það að merkja súkkulaði með dagstimpli sem gefur til kynna hvenær

varan fer að rýrna að gæðum að mati framleiðanda séu góðir viðskiptahættir. Slík háttsemi er í góðu samræmi við 20 gr. samkeppnislaga. Lækkað verð innflytjandans, Rydenskaffis, á vörum sem nálgast síðasta meðmæltu sölundag og lægri heildsöluálagning en áður tíðkaðist á súkkulaði hefur ekki skaðað samkeppnina á markaðnum eins og Samtök iðnaðarins leiða líkum að. Álagningarlækkunin hefur aftur á móti leitt til aukinnar samkeppni og lækkaðs verðlags til neytenda. Það er í fullu samræmi við markmið samkeppnislaga.

## V.

### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til að hafast að vegna erindis Samtaka iðnaðarins.“**

*[Máli þessu var áfryjað; sjá Úrskurð áfryjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 18/1998](#)]*